

Polarama ehf.  
Fiskislóð 24  
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. ágúst 2021  
UST202107-064/Þ.V.B.  
09.08.02

## **Umsókn um leyfi til aksturs utan vega – eyrar við Jökulsá á Brú**

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Polarama ehf., dagsett 5. júlí 2021, um leyfi til akstur utan vega á áreyrum við Jökulsá á Brú.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

### ***Lýsing verkefnis:***

Sótt er um leyfi til að keyra bifreið og 3 sexhjól með kerrum eftir slóða sem liggur frá bænum Brú að ánni Jökulsá á Brú á mótis við Bakkastaði og eftir áreyrum hennar um 12 km leið að minni Hafrahvammagils. Verið er að mynda bifreiðina og miðar öll vinna sem og myndataka útfrá því að ekki sé ekið utanvegar og að auglýsingin muni ekki gefa tilfinningu um að ekið sé utanvega. Sexhjólin verða nýtt til að ferja kvikmyndabúnað. Traktor eða upphækkaður jeppi með flatvagn verður notaður til að ferja bifreiðina sem á að mynda á tiltekinn stað á áreyrunum. Að tókunum koma 25 manns og verður aðstaða fyrir starfsfólk utan áreyrana. Tökurnar fara fram á tímabilinu 19. -25. ágúst 2021.

### ***Áhrifamat:***

Búast má við einhverju raski og slóðamyndun í grýttum árfarveginum á meðan verkefni stendur, en förin ættu að afmást nokkuð hratt af náttúrunnar hendi. Til að sporna við frekari akstri utan vega í förum sem myndast skal leyfishafi afmá upphaf slóðans.

### ***Skilyrði:***

Umhverfisstofnun veitir Polarama ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utan vega á áreyrum Jökulsár á Brú sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 19. -25. ágúst 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Til að sporna við frekari akstri utan vega í förum sem myndast skal leyfishafi afmá upphaf slóðans.
- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Þar sem þörf er á að fara út fyrir vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan vega að verkefni loknu.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Til að koma í veg fyrir að kvikmyndin/auglýsingin hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Einungis skal aka þeim tækjum sem óskað er eftir að keyra utan vega að og innan skilgreinds tókusvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki framkvæmdarinnar.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

***Leyfisgjald:***

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllst,

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
sviðsstjóri  
Daníel Freyr Jónsson  
sérfræðingur